

Fundargerð

Stjórnarfundur Íþróttabandalags Hafnarfjarðar.

Haldinn 1. september 2021.

Staður: Skrifstofa / fundarherbergi 1. hæð Íþróttahúsínu við Strandgötu.

Hófst kl.16.30 og lauk kl.18.30.

Mættir: Hrafnkell Marinósson, Karl Georg Klein, Viðar Halldórsson, Hörður Þorsteinsson, Kristinn Arason, Aðalsteinn Valdimarsson, Magnús Gunnarsson og Ragnar Hilmarsson.

Forföll: Sveinn Sigurbergsson.

Dagskrá:

1. Myndataka stjórnar ÍBH 2019 - 2021



Á myndinni eru frá vinstri Hörður Þorsteinsson, Viðar Halldórsson, Aðalsteinn Valdimarsson, Magnús Gunnarsson, Hrafnkell Marinósson, Ragnar Hilmarsson, Karl Georg Klein og Kristinn Arason.

2. Stjórnendanámskeið 22. – 24. september 2021

Námskeiðið er byggt á efni frá Alþjóðaólympíunefndinni (IOC) en hefur verið aðlagð íslensku samfélagi. Kennarar eru Gunnar Jónatansson stjórnendamarkþjálfari og starfsfólk ÍSÍ. Hámarksfjöldi þátttakenda er 30. Upplýsingar hafa verið sendar á aðildarfélögin og þau hvött til þátttöku. Nánari upplýsingar er hægt að fá hjá starfsfólki Þróunar- og fræðslusviðs ÍSÍ.

3. Kvennahlaup ÍSÍ 11. september 2021

Er vanalega haldið árlega í júní, en var síðan sett á 18. september 2021. Ákveðið var að halda Reykjavíkur Marafonið 18. september 2021 sem leiddi til þess að Kvennahlaupið var fær á 11. september 2021. Upplýsingar hafa verið sendar á aðildarfélög ÍBH.

4. Íþróttavika Evrópu 23. september – 30. september 2021

Upplýsingar hafa verið sendar á aðildarfélög ÍBH og þau hvött til að vera með. m.a. með því að vera með opnar æfingar eða opið hús. HÞ greindi frá því að

Badmintonfélag Hafnarfjarðar ætli að vera með opna æfingu í fjölskyldutíma sunnudaginn 26. september nk. í Íþróttahúsinu við Strandgötu.

5. Þing ÍF (Íþróttasamband fatlaðra) 11. september 2021

Verður haldið í Laugardal Reykjavík og hefst kl. 9.30. Kjörbréf hefur verið sent á Íþróttafélagið Fjörð.

6. Framhaldsþing ÍSÍ föstudaginn 8. október og laugardaginn 9. október 2021

Sömu kjörbréf gilda á framhaldsþinginu. Á föstudeginum hefja þingnefndir störf kl. 16.00 í Laugardal Reykjavík. Þingstörf hefjast á laugardeginum kl. 13.00 en staðsetning verður birt seinna.

7. Nýr Rio Tinto samningur

Umræður um nýjann samning.

8. Skotþing 18. september 2021

Verður haldið í Laugardal Reykjavík og hefst kl. 11.00. Kjörbréf hefur verið sent á Skotíþróttafélag Hafnarfjarðar.

9. Göngum í skólann 8. september 2021

Verkefninu lýkur formlega 6. október 2021. Félögin og þjálfarar hafa verið hvött til þess að hvetja börnin til að velja virkan ferðamáta, s.s. göngu, hjóltreiddar, hlaup, línuskauta, hjólabretti og annað. Sjá nánar á heimasíðum, www.iwalktoschool.org og www.gongumiskolann.is.

10. Sportabler

Yfirfærsla úr Nórakerfi í Sportabler rædd. Upplýsingum hefur verið komið til allra félaga sem þess hafa óskað. Frístundakerfi Hafnarfjarðarbæjar er tengt við Nórakerfi / Sportabler.

11. Erindi um uppbyggingu aðstöðu

Frá Siglingafélaginu Hafliða sem barst til ÍTH og var tekið fyrir á fundi þar 17. ágúst sl. vísað til ÍBH sem vísar því til allsherjarnefndar ÍBH sem er fastanefnd þings ÍBH.

12. Rannís auglýsir eftir umsóknum úr Íþróttasjóði

Upplýsingar hafa verið sendar á aðildarfélög ÍBH og eru þau hvött til að kynna sér sjóðinn og sækja um ef tilefni er til, umsóknarfrestur er til 1. október 2021.

13. Fjárhagsáætlun 2022 – Búnaður og viðhald

Málefnið rætt. Hafnarfjarðarbær sendi tölvupóst á félögin þann 23. ágúst 2021. Senda umsóknir á word eða excel, skilafrestur umsókna föstudagurinn 10. september 2021.

14. ÍTH – breytingar

Geir Bjarnason íþróttafulltrúi er farinn í námsleyfi. Margrét Gauja Magnúsdóttir stýrir ÍTH fundum í fjarveru hans.

15. Líney Rut lætur af störfum

Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri Íþróttta- og Ólympíusambands Íslands mun láta af störfum 1. október nk. Staðgengill framkvæmdastjóra Andri Stefánsson mun taka við störfum Líneyjar Rutar en síðar verður farið í formlegt ráðningarferli. Stjórn Íþróttabandalags Hafnarfjarðar þakkar Líney Rut kærlega fyrir ánægjulegt og farsælt samstarf í gegnum árin og óskar henni velfarnaðar á komandi árum.

16. Stofnþing Klifursambands Íslands 27. september 2021

Verður í Laugardal Reykjavík og hefst kl. 17.00. Fimleikafélagið Björk og Íþróttabandalag Hafnarfjarðar verða meðal stofnaðila. Upplýsingar hafa verið sendar á Fimleikafélagið Björk, framkvæmdastjóra félagsins og deildarformann klifurdeildar.

17. Þing ÍBH

52. þing ÍBH verður haldið fimmtudaginn 11. nóvember 2021 og hefst kl. 17.00.

18. Önnur mál

a). HÞ / MG ræddu viðbragðsteymi félaga og ÍBH og verkferla sem eru til. Nauðsynlegt er að halda vinnunni áfram í góðu samstarfi við Hafnarfjarðarbæ og ÍSÍ. Í ljósi þeirrar umræðu sem er í gangi í samfélaginu í dag vill stjórn Íþróttabandalags Hafnarfjarðar senda frá sér eftirfarandi,
Ályktun:
Stjórn Íþróttabandalags Hafnarfjarðar hvetur þolendur ofbeldis í íþróttahreyfingunni til að leita sér aðstoðar og ráðgjafar hjá samskiptaráðgjafa íþróttta- og æskulýðsmála, sjá nánar, www.samskiptaradgjafi.is.

b). Fimleikaþing 4. september 2021 í Laugardal Reykjavík og hefst kl. 11.00.

Fundarritari: Elísabet Ólafsdóttir framkvæmdastjóri ÍBH.